

## Kæru FÍLA félagar!

Stjórn og dagskrárnefnd FÍLA hafði vonast til þess að við gætum farið að hittast og eiga góða stund saman, en enn um sinn þurfum við að virða stóttvarnarreglur og munum við því styðjast við fjarfundarbúnað í nóvember og desember.

Fimmtudaginn **19. nóvember kl. 16.30** fáum við erindi frá Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri þar sem **Kristín Pétursdóttir** brautarstjóri og **Samaneh Nickayin** nýr lektor við landslagsarkitektabrautina, munu halda erindi gegnum Zoom linkinn:  
<https://eu01web.zoom.us/j/68697718627>

Kristín mun segja frá Bs náminu í *landslagsarkitektúr á Hvanneyri*, helstu áherslum, verkefnum nemenda og starfinu almennt. Samaneh mun halda erindi um *persneska garða*. Vegna sóttvarnarreglna eru heimsóknir á Hvanneyri ekki leyfðar, en við eigum inni heimboð sem við vonandi getum nýtt okkur í vor. Margt spennandi er að gerast í náminu í landslagsarkitektúr á Hvanneyri og við hlökkum til að heyra erindi þeirra Kristínar og Samaneh og hvetjum ykkur öll til þess að fylgjast með á Zoom.



Kristín Pétursdóttir landslagsarkitekt og lektor er starfandi brautarstjóri brautarinnar landslagsarkitektúr bs við Landbúnaðarháskóla Íslands. Kristín er fædd 1980 og uppalin á Hvanneyri. Hún lauk meistaraprófi í landslagsarkitektúr frá NMBU, Norwegian University of Life Science að Ási í Noregi árið 2013. Áður hafði hún lokið kennslufræði frá HÍ, áfanga í tölfraði og rannsóknaraðferðum í Noregi og bakkalárgráðu í umhverfisskipulagi frá Lbhí. Mastersverkefni Kristínar nefnist á íslensku Upplifun hjólreiðamannsins af vatni í borgarumhverfi en B.Sc. verkefni hennar fjallaði um hönnun skólalóða; vistvæna aðferðafræði sem tekur mið af þroska-, kennslu og félagslegum þörfum.

Frá því að Kristín lauk námi starfaði hún hjá Lark Landskap í Osló, áður hjá Sundt og Thomassen. Þar tók hún þátt í fjölbreyttum verkefnum. Það stærsta var verðlaunaverkefnið Bergen Bybane. Þar tók Kristín þátt í hönnun umhverfis lestarteinanna og á stoppistöðvum. Þá hefur hún unnið við hönnun og gerð skissu,- útboðs- og vinnuteikninga á fjölda

hönnunarsvæða, svo sem skólalóðum, almenningsgörðum, útisvæðum við iðnaðarbyggingar og nemendagarða svo eitthvað sé nefnt.



Samaneh Nickayin er fædd í Tehran (1984) en flutti á unga aldri til Ítalíu þaðan sem hún lauk námi í landslagsarkitektúr. Samaneh lauk einnig bakkalár gráðu í tölvunarfræði (Tehran, 2002-2006). Árið 2013 varði hún með láði frá Sapienza háskólanum í Róm meistararitgerð sína í Landslagsarkitektúr “Landscape for river reclamation: Meuse river- its floodplain system, identity, and transformation” [Landslag fyrir áruppgæðslu: Meuse á – flóðakerfi þess, staðarímynd og umbreyting]. Samaneh tók hluta af meistaraverkefninu sínu við Háskólann í Liege í Belgíu (2012-2013). Eftir brautskráningu vann hún fyrir ýmsar landslags- og arkitektastofur. Hún tók þátt í fjölbreyttum verkefnum m.a. endurnýjun borgarsvæða til grænna lausna og áveitukerfa. Hún hefur unnið um allan heim, í Nýja Sjálandi, Tyrklandi, Belgíu, Ítalíu og Íran.

Samaneh hóf doktorsnám 2014 og lauk Ph.D. gráðu í Landslagsarkitektúr og umhverfisfræðum frá “Sapienza” í mars árið 2018. Doktorsverkefni hennar hlaut ECLAS verðlaunin árið 2018 í flokki framúrskarandi nemendaverkefna. Þá stundaði hún rannsóknir við PennDesign - háskólann í Pensylvaníu (2017-2018) sem hluta af doktorsverkefni sínu.

Frá árinu 2014 til maí mánaðar 2020 hefur hún gegnt stöðu aðstoðarkennara prófessor Franso Zagari og prófessor Fabio Di Carlo í Sapienza háskólanum í Róm. Hún hefur áhuga á að stunda rannsóknir á skipulagslausnum á stórum skala með áherslu á heildrænar lausnir. Hún hefur birt greinar í tímarit og bækur, aðallega á ítalskri tungu. Sjá nánar [https://www.lbhi.is/samaneh\\_nickayin\\_nyr\\_lektor\\_i\\_landslagsarkitektur](https://www.lbhi.is/samaneh_nickayin_nyr_lektor_i_landslagsarkitektur)

Við biðjum ykkur einnig um að taka föstudaginn **4. desember** frá, en þá höldum við jólafund, þó ekki sé ljóst á hvaða formi hann verður. Hugsanlega verður það einnig Zoom fundur, þar sem allir mæta með sinn bjór og skála á skerminum, en það er heldur ekki alveg útilokað að við getum hist og horfst í augu yfir andlitsgrímurnar! Það kemur allt í ljós og verður auglýst betur þegar nær dregur.

Bestu kveðjur frá stjórn og dagskrárnefnd FÍLA.